



## 51. þing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Haldið í Hásölum laugardaginn 11. maí 2019

Þingskjal nr.

---

### Tillaga um afrekssjóð fyrir innra starf aðildarfélagi ÍBH

**51. þing ÍBH haldið 11. maí 2019 í Hásölum**, samþykkir að hvetja Hafnarfjarðarbæ og fyrirtæki til að stofna með ÍBH afrekssjóð fyrir fullorðna til fjármögnunar á innra starfi aðildarfélagi ÍBH og gera samning milli aðila um sjóðinn.

**Geinargerð:** Fjárstuðningur fyrirtækja við íþróttahreyfinguna hefur breyst að sögn stjórnarfólks í félagunum. Stór fyrirtæki vilja frekar styðja við stærri sérsambönd innan ÍSÍ eða ÍSÍ sjálf. Þetta hefur m.a. gert það að verkum að íþróttafélög hafa átt erfitt með að fá fjárstuðning frá stórum fyrirtækjum og hefur hann farið minnkandi undanfarin ár að sögn íþróttafélaga. Nefnd á vegum stjórnar ÍBH um fjármögnun íþróttafélaga hefur unnið drög að því hvernig slíkur sjóður getur litið út með aðkomu bæjarfélagsins og nokkurra fyrirtækja. Stuðningur bæjarfélagsins við íþróttahreyfinguna miðast að mestu leyti við börn í íþróttum. Kostnaður íþróttafélaga er mikill við ungmenna- og meistaraflokka. Flestar íþróttagreinar í Hafnarfirði með fullorðið fólk, iðkendur sem eru 18 ára og eldri sem taka þátt í mótum innanlands s.s. Íslandsmeistaramótum, bikarkeppnum og öðrum mótum sem eru í boði í viðkomandi íþróttagrein eru með kostnaðarsaman rekstur. Tilgangur sjóðsins væri m.a. hugsaður sem styrkur upp í kostnaðinn, svo hafnfirsk íþróttafélög verði samkeppnishæf við íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu.

**Flutningsaðili:** Stjórn ÍBH

---

Vísað til:  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Íþróttanefndar  Laganefndar